

VERKLAGSREGLUR SVEITARFÉLAGSINS STYKKISHÓLMS UM RÁÐNINGU STARFSMANNA

1. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra, sbr. 49. gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms. Bæjarstjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra og staðfestir hann.

2. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu og veitir þeim lausn frá störfum, sbr. 51. gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms. Þessi störf eru:

1. Bæjarritari.
2. Forstöðumaður Amtsbókasafns.
3. Forstöðumaður miðstöðvar öldrunarþjónustu.
4. Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar.
5. Skólastjóri grunnskóla og tónlistarskóla.
6. Skólastjóri leikskóla.
7. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála.
8. Slökkviliðsstjóri.
9. Tómtunda- og æskulýðsfulltrúi

3. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða fasta starfsmenn sinna stofnana og bæjarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 2. gr. verklagsreglna þessara, nema á annan veg kunni að vera mælt í lögum, reglugerðum eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett, sbr. 52. gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms. Ef stofnuð er ný staða (fast starf) skal bæjarstjórn ákveða hvort um það fer skv. 2. eða 3. gr. verklagsreglna þessara.

4. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða lausráðna starfsmenn sinna stofnana og bæjarstjóri ræður aðra lausráðna starfsmenn en bæjarstjóra er heimilt að fela mannauðs- og launafulltrúa umboð til ráðningar slíkra starfsmanna eftir því sem við á hverju sinni.

5. gr.

Heimild til ráðningar starfsmanna takmarkast af lögum eins og þau kunna að hljóða hverju sinni, samþykktum bæjarstjórnar og gildandi fjárhagsáætlun hverju sinni. Eigi skal ráðið í nýtt starf nema bæjarstjóri eða viðkomandi yfirmaður stofnunar, deildar eða fyrirtækis skili kostnaðaráætlun og greinargerð um starfið til bæjarráðs sem leggur erindið í framhaldinu til bæjarstjórnar til samþykktar eftir yfirferð á erindinu. Við meðferð slíkra mála skal fylgt verklagsreglum sveitarfélagsins um samþykkt viðauka og heimildir vegna tilfærslu á milli deilda sem og milli fjárfestingaverkefna.

6. gr.

Að jafnaði skulu öll laus störf sem fastráðið er í hjá sveitarfélaginu og fyrirtækjum þess auglýst til umsóknar. Auglýst skal á þann hátt eða á þeim stað að nái til sem flestra íbúa sveitarfélagsins eða þess hóps sem auglýsingu er sérstaklega beint að.

Ekki þarf að auglýsa störf í þessum tilfellum:

- Tímabundnar ráðningar til allt að 24 mánaða, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingar- og foreldraorlofs, námsleyfis, önnur en sumarstörf, eða vegna tímabundinna sérstakra aðstæðna sem geta komið upp.
- Ef starfshlutfall starfs er lægra en 20%
- Ef starfsmenn sveitarfélagsins eru færðir til í starfi vegna skipulagsbreytinga, hagræðingar eða starfsþróunar. Þá þarf að liggja fyrir rökstuðningur að starfsmaður sem er færður til í starfi, uppfylli kröfur starfs um hæfni, færni og menntun.
- Hlutastörf fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu sem teljast til vinnumarkaðsúrræða.

7. gr.

Sá sem fer með ráðningarvald skv. 2.–4. gr. verklagsreglna þessara skal leitast við að hafa samráð um ráðninguna við hlutaðeigandi yfirmenn þeirra stofnana, deilda eða fyrirtækja sem starfsmaður skal ráðinn til. Ráðningarvaldi skv. 1.–4. gr. verklagsreglna þessara fylgir vald til veitingar áminninga og uppsagnar starfs í samræmi við lög, kjara- og starfssamninga hverju sinni.

8. gr.

Þeir sem með ráðningarvald fara skulu gæta persónulegs hlutleysis í hvívetna við ákvarðanir skv. reglum þessum. Allar ráðningar skulu vera málefnalegar og gætt að því að umsækjendum sé ekki mismunað sbr. 7.–9. gr. laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Þeir sem fara með ráðningarvald skulu gæta trúnaðar og þagmælsku um upplýsingar og vitneskju um persónulega hagi umsækjenda og starfsmanna sem þeir kunna að komast yfir í tengslum við starf sitt. Hið sama gildir um þá sem hafa umsagnarrétt við ráðningu starfsmanna. Um ákvarðanir þeirra fer að öðru leyti að lögum og gildandi kjara- og starfssamningum.

9. gr.

Gerðir skulu skriflegir ráðningarsamningar við alla fastráðna starfsmenn við upphaf starfs þeirra.

10. gr.

Til að breyta verklagsreglum þessum þarf samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms.

11. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með stoð í 51. og 52. gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms nr. 1130/2022, voru samþykktar af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms xxx 2023, og öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, xxx 2023.

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri